

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
b.t. Guðrúnar Ágústu Guðmundsdóttur bæjarstjóra
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Egilsstaðir, 10. október 2012
Ábyrgðarbréf.

VARÐAR: Hjúkrunarheimili á Völlum 7, Hafnarfirði.

Sæl Guðrún Ágústa.

Undirritaður hefur gætt hagsmuna Sólvala ses. (sjálfseignarstofnun) í tengslum við útboð á ofangreindu hjúkrunarheimili, en í því felst einnig hagsmunagæsla fyrir samstarfsaðila umbj. míns.

Forsaga málsins er sú að Hafnarfjarðarbær óskaði þann 12. júlí 2010 með auglýsingum í dagblöðum eftir umsóknum sjálfseignarstofnunar eða félags með staðfesta skipulagsskrá til að sjá um hönnun, byggingu og rekstur hjúkrunarheimilis á Völlum 7. Skilafrestur til að skila inn gögnum var til 24. ágúst 2010, sem síðar var framlengdur til 7. september sama ár. Fjórir aðilar skiluðu inn umsóknum og á fundi starfshóps Hafnarfjarðarbæjar um hjúkrunarheimili á Völlum var farið yfir umsóknirnar og var niðurstaðan að tveir aðilar teldust uppfylla kröfur forvalsins, það er umbj. minn og Umönnun ses. Þar sem einvörðungu tveir umsækjendur uppfylltu lágmarkskröfur forvalsins var ekki farið í sérstakt hæfnismat á þeim umsækjendum samkvæmt 6. lið í forvalsgögnum.

Premur fyrirtækjum var boðið að bjóða í vinnu við gerð útboðsgagna vegna verkefnisins og voru tilboð opnuð 22. júlí 2010. Verkbjónusta Kristjáns ehf. hlaut verkið og hófu starfsmenn félagsins vinnu við gerð útboðsgagna í ágúst sama ár.

Hafnarfjarðarbær fékk tölvupóst þann 18. október 2010 frá starfsmanni Verkiss hf., samstarfsaðila Umönnunar ses. í útboðinu, þar sem gerð var grein fyrir tengslum Verkiss hf. og Verkbjónustu Kristjáns ehf. Voru fyrirsvarsmenn umbj. míns og Umönnunar ses. boðaðir til fundar með þáverandi bæjarstjóra, núverandi bæjarstjóra ofl. þar sem skýrt var frá þeirri stöðu sem komin var upp. Í framhaldi af þessu gekk úrskurður hjá kærunefnd útboðsmála í máli nr. 29/2010 þann 14. febrúar 2011. Úrskurðarorð var svohljóðandi: „Fellð er úr gildi sú ákvörðun kærða um að telja tilboð Umönnunar ses. fullnægjandi í forvalinu „Hjúkrunarheimili á Völlum 7“. Kærði Hafnarfjarðarbær, greiði kæranda, Sólvöllum ses., 350.000 krónur vegna kostnaðar við að hafa kærana uppi.“

Þann 16. mars 2011 sendi undirritaður ábyrgðarbréf til þáverandi bæjarstjóra þar sem bent var á eftirfarandi:

Niðurstaða nefndarinnar þýðir, að nú er einungis einn aðili – umbj. minn – löglegur þátttakandi í því ferli sem er í gangi, að aflokinni auglýsingu á evrópska efnahagssvæðinu og forvalsferli. Eins og sveitarfélaginu er ljóst hefur umbj. minn lagt gríðarlega mikið á sig í tengslum við þetta verkefni. Umbj. mínum er einnig ljóst að af hálfu sveitarfélagsins hefur mikil vinna farið fram. Hagsmunir aðila fara því saman um það, að málið verði leitt með farsælum hætti til lykta lögum samkvæmt. Lög nr. 84/2007 um opinber innkaup og tilskipun ESB 2004/18/EB veita leiðsögn um hver eru eðlileg næstu skref.

Bankareikningar:
Almennur 0175-26-7900
Innheimtur 1147-26-700910

www.sokn.is | Hafnarfjarðarbær
Kaupvangurinn | Innk: 12.10.2012
700 Egilsstaðir | Sími: 1209311
Sími 580 7000 | Sími: 406
Fax 580 7000 | Sími: 406

Sókn lögmansstofa ehf.
Kt. 700910-0240
Vsk. númer: 106075

Umbj. minn telur eðlilegt að aðilar hittist til að ræða þá stöðu sem nú er komin upp. Þess er óskað að slíkur fundur verði ákveðinn hið fyrsta. Umbj. minn getur mætt á slíkan fund á skrifstofu sveitarfélagsins, með tiltölulega skömmum fyrirvara. Óskað er eftir tillögu frá þér varðandi tímasetningu.

Ekkert formlegt svar hefur borist frá sveitarfélaginu vegna ofangreinds bréfs. Verður að átelja þessa stjórnsýslu. Hins vegar var haft óformlegt samband við fyrirsvarsmann umbj. míns og taldi hann sig mega skilja að til stæði að aðhafast eitthvað í málinu og leiða það til lykta.


Eins og fram kom í bréfinu frá 16. mars 2011 hefur umbj. minn lagt gríðarlega vinnu og fjármuni í þetta verkefni. Þá var einnig gerð krafa um að umsækjandi (Sólvellir) öflaðu sér samstarfsaðila vegna þessa verkefnis og hafa þeir sömuleiðis lagt fram mikla vinnu í tengslum við þetta verkefni. Þessir samstarfsaðilar eru VHE sem aðalverktaki, Alark sem hönnuðir húss, Landslag sem hönnuðir umhverfis og VSB með verkfræðipáttinn. Stofnendur og þeir sem standa að Sólvöllum eru Félag eldri borgara í Hafnarfirði, Starfsmannafélag Hafnarfjarðarbæjar og Hnjúkaþeyr, sem er að stærstum hluta í eigu Helga Númasonar. Aðilar Sólvalla hafa sett fram nýja íslenska hugmyndafræði að þjónustu fyrir aldraða undir heitinu Silkistefnan. Var gríðarleg vinna unnin í tengslum við að útfæra þessa stefnu og fylgdi hún með gögnum Sólvalla.

Að mati umbj. míns er sú staða uppi, að hann er eini hæfi aðilinn til að takast á við umrætt verk. Er staða hans því að miklu leyti sú sama og staða lægstbjóðanda – sem metinn er hæfur – í verk sem hætt er við eftir að útboðsferill hófst.

Nærtækt er því að vísa til þeirrar stöðu sem kom upp í tengslum við útboð Héðinsfjarðarganga, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 182/2005 frá 17. nóvember 2005 og nr. 416/2011 frá 20. september 2012. Í fyrri dóminum var því slegið föstu, að verkkaupi, íslenska ríkið/Vegagerðin, væri bótaskyldur gagnvart lægstbjóðendum (ÍAV og NCC International AS) vegna missis á hagnaði sem þeir kynnu að hafa notið hefði ekki komið til ákvörðunar um að hafna öllum tilboðum vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Í síðari dóminum var kveðið upp úr um fjárhæð bótanna, kr. 258.955.156 ásamt dráttarvöxtum frá 24. október 2007 til greiðsludags. Þá var verkkaupi dæmdur til að greiða 8 milljónir í málskostnað að auki.

Umbj. minn fer fram á að sveitarfélagið hefji nú þegar viðræður um framhald málsins. Berist ekki formlegt svar við erindi þessu fyrir 1. nóvember n.k. verður umbj. mínum og samstarfsaðilum hans óhjákvæmilegt annað en að hefjast handa við að verja réttarstöðu sína, t.d. með því að dómkveðja matsmenn til að meta hagnaðarmissi samstarfsaðila umbj. míns auk tjóns umbj. míns. Krafa um efndabætur mun óhjákvæmilega vera umtalsverð og það hlýtur að vera sveitarfélaginu í hag að framhaldið verði unnið í samræmi við lög sem á þessu réttarsviði gilda.

Virðingarfyllst,



Hilmar Gunnlaugsson hrl.
hilmar@sokn.is